

1. Fyrirspurn um ráðstöfun safnkosts Náttúrufræðistofu Kópavogs

1. Var haft samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúruvinnu- og náttúrufræðistofnu Kópavogs áður en skipulagi hennar var breytt þann 25. apríl 2023, sbr. ákvæði um aðgerðir við niðurlagningu í 8.gr. stofnskrár hennar? Ég bið í þessu samhengi um að ekki verði snúið út úr, ég veit vel að Náttúrufræðistofa var ekki með öllu lögð niður.
2. Ef svo var, hvernig fór slíkt samráð fram? Hver voru sjónarmið Náttúrufræðistofnunar Íslands? Hver voru sjónarmið Náttúruvinnu- og náttúrufræðistofnu Kópavogs?
3. Teljast Náttúrufræðistofa Kópavogs og Gerðarsafn sambærilegar stofnanir, sbr. 8.gr. stofnskrár Náttúrufræðistofu? Ég vek í þessu samhengi athygli á 10.gr. Safnalaga 141/2011 en út frá henni hljóta safnkostirnir að teljast eitt safn.

2. Fyrirspurn um fjárhagsáhrif flutning vatnalífsrannsóknna til Hafrannsóknarstofnunar

1. Hver er áætlaður kostnaður Kópavogsbæjar vegna vatnalífsrannsókna eftir að sá hluti starfsemi Náttúrufræðistofu Kópavogs var fluttur til Hafrannsóknarstofnunar?
2. Hvert er áætlað áætlað tekjutap Kópavogsbæjar vegna flutnings vatnalífsrannsókna til Hafrannsóknarstofnunar?
3. Hver er áætlaður kostnaður Kópavogsbæjar vegna annarra rannsókna sem Náttúrufræðistofa Kópavogs sinnti áður en þarf nú að kaupa að utan bæjarkerfisins.
4. Hvert er áætlað tekjutap Kópavogsbæjar af rannsóknum sem utanaðkomandi aðilar keyptu áður af Náttúrufræðistofu Kópavogs?
5. Hvers vegna hefur rannsóknarstarfsemi ekki verið framhaldið á Náttúrufræðistofu Kópavogs, á meðan rannsóknarstofan er nothæf og önnur verkefni síður aðkallandi en við venjulegar kringumstæður?

3. Fyrirspurn um fjölda starfsgilda á menningarsviði

1. Hvað orsakar að fjöldi starfsgilda á menningarsviði skuli vera 37, sbr. mál bæjarritara á fundi ráðsins 6. mars 2024, í stað 29 eins og lagt var upp með með breytingum á menningarsviði sem samþykktar voru af bæjarstjórn 25. apríl 2023?

4. Fyrirspurn um fjölda aðgangsbeiðna

1. Hversu margar aðgangsbeiðnir að skjölum í Héraðsskjalasafni hafa verið gerðar frá 2014? Óskað er eftir sundurliðun eftir árum.

5. Fyrirspurn um viðurkenningu Náttúrufræðistofu

1. Hefur álits Safnaráðs á því hvort Náttúrufræðistofa Kópavogs haldi viðurkenningu sinni í kjölfar breytinga og niðurlagningar rannsóknarhluta stofunnar, í samræmi við bréf framkvæmdastjóra Safnaráðs til ráðsins 21. apríl 2023?
2. Hefur menningarsvið og/eða forstöðumaður Náttúrufræðistofu haft spurn af því að viðurkenning stofnunarinnar verði endurmetin á komandi misserum?

6. Fyrirspurn um upptökur af fundum

1. Telur Kópavogsbær að upptökur af fundum, svo sem fundum bæjarstjórnar, séu opinber gögn sem lúta varðveislu- og skilaskyldu til Þjóðskjalasafns, sbr. 2.gr.1.mr reglna 100/2014 um afhendingu vörsluútgáfna?
2. Telst upptaka af fundi fylgigagn fundarins?

3. Hafa slíkar upptökur verið vistaðar á öruggan hátt í skjalastjórnunarkerfi bæjarins og varðveittar Héraðsskjalasafni Kópavogs eftir fimm ár, sbr. 15.gr.1.mgr. laga um opinber skjalasöfn?

4. Hefur upptökum af fundum á vegum bæjarins verið eytt? Var heimildar til slíks verið aflað frá Þjóðskjalasafni, sbr. 6.gr. reglna 11/2014 um afhendingu vörsluútgáfna?

7. Fyrirspurn um rafrænar undirritanir fundargerða

1. Hvernig eru rafrænar undirritanir fundargerða sannvottaðar í fundarmannagáttinni/OneSystems?

2. Hvernig eru rafrænar undirritanir fundargerða sannvottaðar eftir afhendingu til Þjóðskjalasafns?

3. Hvernig voru rafrænar undirritanir fundargerða sannvottaðar eftir afhendingu til Héraðsskjalasafns Kópavogs, áður en Þjóðskjalasafn tók við móttöku skilaskyldra gagna?

8. Fyrirspurn um geymslu skilaskyldra gagna á öruggum miðlum

1. Hvaða rafrænu, skilaskyldu gögn bæjarins eru geymd í miðlum, svo sem Vimeo og vefsíðu bæjarins, í stað öruggra varðveislustaða, svo sem kveðið er á um í leiðbeiningum frá Þjóðskjalasafni, lögum og reglugerðum þarum?